



**Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands**

FORSETI ÍSLANDS Í SHANGHAI

Að morgni fimmtudagsins 19. maí héldu forseti og fylgdarlið frá Beijing til Shanghai. Fyrsti viðburður á dagskránni var viðamikil viðskiptaráðstefna og kynning sem Útflutningsráð hafði veg og vanda af í samvinnu við Sendiráð Íslands í Kína og skrifstofu forseta.

Forseti gat m.a. um það í ræðu sinni á viðskiptaþinginu hve fjölþættur árangur hefði þegar náðst á sviði viðskipta í þessari ferð. En það væri þó einungis upphafið því tækifærin sem biðu þeirra íslensku fyrirtækja sem ættu fulltrúa í ferðinni og annarra væru ótalmörg.

Síðdegis buðu borgaryfirvöld í Shanghai forseta og föruneysi til skoðunarferðar um borgina, þann áhrifamikla og þétta skóg háhýsa og viðskiptahalla sem einkenna borgarlandslagið en líka var gengið um fjölsóttar verslunargötur og heimsóttur Yu Yuan skrúðgarðurinn í miðju hins gamla borgarhluta.

Á fundi forseta og borgaryfirvalda í Shanghai var rifjað upp að forseti hefði komið til borgarinnar fyrir 11 árum. Á þeim tíma sem liðið hefði milli heimsóknar hans hefðu orðið gífurlegar breytingar í borginni, efnahagsleg uppbygging sem ætti fáa sína líka, vaxandi almenn velsæld og skipulagsbreytingar í eignarhaldi á fyrirtækjum. Staða borgarinnar væri sterk og alþjóðatengsl hennar færu sífellt vaxandi. Þá gat borgarstjórinn þess að hann hefði átt ánægjulega heimsókn til Íslands árið 2001 og þá hitt forseta á Bessastöðum.

Forseti sagðist minnst heimsóknar sinnar fyrir 11 árum vel. Í þeirri heimsókn hefði sér og samferðamönnum hans frá Íslandi verið sýnt líkan af þeirri framtíðarsýn um uppbyggingu sem borgaryfirvöld hefðu. Nú hefði líkanið vaxið úr hugmynd í veruleika, í iðandi borg sem ætti engan sinn líka í veröldinni. Þá gat forseti þess að íslensk fyrirtæki og einstaklingar hefðu fundið sér starfsvöll í Shanghai með góðum árangri og unnið væri að stórum verkefnum sem tengdust áliðnaði á Íslandi í borginni. Góður grundvöllur væri fyrir margvíslegt samstarf íslenskra og

kínverskra fyrirtækja, menntastofnana og einstaklinga á fjölbreyttum sviðum.

Eftir viðræðufundinn var gengið til athafnar þar sem Runólfur Ágústsson rektor Viðskiptaháskólans í Bifröst og Fang Minglun starfandi rektor háskólans í Shanghai undirrituðu að viðstöddum forseta Íslands, umhverfisráðherra og kínverskum ráðamönnum samning um víðtækt samstarf háskólanna tveggja varðandi kennslu, rannsóknir og ráðstefnuhald auk þess sem þeir munu skiptast á kennurum og nemendum. Gert er ráð fyrir að næsta vor verði 15 íslenskir stúdentar frá Bifröst við nám í háskólanum í Shanghai og tugir kínverskra nemenda við Bifröst næstu misseri og ár.

Í kjölfarið buðu borgaryfirvöld í Shanghai forsetahjónum og fylgarliði til hátíðarkvöldverðar. Að honum loknum var haldið á Friðarhótelið í Shanghai, en það er ekki síst þekkt fyrir jassklúbb sem starfað hefur við misjafnt atlæti óslitið frá því fyrir byltinguna 1949.

20. maí 2005